

Nd.

213. Frumvarp til laga

[188. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna, a-liður, orðist svo:

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast váttryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,04 prómillum af váttryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra váttrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni, né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Ráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endanlegt uppgjör á brunavarnagjaldi vegna síðasta iðgjaldatímabils fyrir gildistöku þessara laga skal fara fram þegar ársreikningar hvers tryggingafélags liggja fyrir í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 74/1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi þar sem fjallað er um Brunamálastofnun ríkisins, kemur fram eftirfarandi: „Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til rekstrar Brunamálastofnunar ríkisins fremur en fyrri ár og er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður að öllu leyti með tekjum af brunavarnagjaldi sem tryggingafélög í landinu greiða . . . Samkvæmt 24. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, er lagt 1,75% brunavarnagjald á bróttóiðgjaldatekjur tryggingafélaganna. Félagsmálaráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um breytingu á álagningarhlutfalli þessu.“

Frumvarp þetta um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, er flutt í samræmi við ofangreint, svo og til að treysta fjárhagsstöðu Brunamálastofnunar ríkisins sem býr við mikinn fjárhagsvanda. Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu í samráði við Ingimund Sigurpálsson, formann stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, Bergstein Gizurarson brunamálastjóra og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með lögum nr. 74/1982 voru Brunamálastofnun ríkisins falin mörg og viðamikil verkefni fyrst og fremst til þess að treysta brunavarnir í landinu. Þessi starfsemi Brunamálastofnunar hefur þegar gefið góða raun sem meðal annars kemur fram í stórbættu forvarnarstarfi, eftirliti með brunatæknilegri hönnun nýrra mannvirkja, eftirliti með byggingarefnum, fræðslu slökkviliðsmanna og bættum útbúnaði slökkviliða um allt land. Allt þetta hefur skilað þeim árangri að dregið hefur úr tjóni af völdum eldsvoða hér á landi þegar á heildina er litið, en það hefur aftur á móti leitt til þess að iðgjöld brunatrygginga

hafa lækkað og fjárhagsvanda Brunamálastofnunar má meðal annars rekja til minnkandi tekna vegna lækunar á þessum iðgjöldum (sjá fylgiskjal).

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 24. gr. núgildandi laga um brunavarnir og brunamál fær Brunamálastofnun ríkisins í tekjur 1,75% af iðgjöldum vegna brunatrygginga fasteigna og lausafjár og iðgjöldum trygginga sem hafa í sér fölgna brunatryggingu. Þetta iðgjald er áætlað að nemi rúmlega 10 milljónum króna á árinu 1987. Aðrar tekjur stofnunarinnar á því ári, þ.e. af námskeiðum o.fl., eru áætlaðar um 1 milljón króna. Þá vantar um 6 milljónir króna til að mæta útgjöldum yfirstandandi árs sem áætluð eru um 17 milljónir króna.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er í samræmi við þá tillögu stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins að brunavarnagjaldi skv. a-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 74/1982 verði breytt á þann veg að það reiknist af váttryggingarfjárhæðum fasteigna og lausafjár. Þannig verði brunavarnagjaldið óháð iðgjaldabreytingum brunatrygginga og innheimtist beint hjá hinum váttryggðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tryggingafélögum og öðrum félögum, sem annast tryggingar, er falið að innheimta brunavarnagjaldið fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Af þeirri ástæðu er rétt að fram komi á iðgjaldakvittum sundurgreining á milli iðgjalds annars vegar og brunavarnagjalds hins vegar svo að ljóst sé hvert þessi gjöld renna. Telja verður að þessi innheimtuáðferð sé í senn einföld í framkvæmd og hagkvæm fyrir þá sem hlut eiga að máli, enda njóta bæði tryggingafélögin og hinir tryggðu hags af starfsemi Brunamálastofnunarinnar.

Þá er lagt til að brunavarnagjald verði reiknað sem ákveðið hlutfall af váttryggingarfjárhæð brunatrygginga í stað þess að það reiknist sem ákveðið hlutfall af brúttóiðgjaldatekjum vegna þeirra trygginga.

Rökin fyrir þessari breytingu eru meðal annars þau eins og þegar hefur komið fram að frá því að lögin um brunavarnir og brunamál gengu í gildi árið 1982 hafa iðgjöld brunatrygginga af fasteignum lækkað verulega, þó sérstaklega hin síðari ár. Sem dæmi má nefna að lækun iðgjalda brunatrygginga milli árunna 1985 og 1986 varð í steinhúsum 39% og timburhúsum 74%. Þótt iðgjöld annarra brunatrygginga (lausafjártrygginga, heimilistrygginga) hafi ekki lækkað sem þessu nemur hefur þessi breyting skert verulega tekjustofn Brunamálastofnunar ríkisins.

Hér er því lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á tekjustofni Brunamálastofnunar. Breyting þessi felst í því að í stað þess að reikna tekjustofninn sem 1,75% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga á fasteignum og lausafé og tryggingum sem hafa í sér fölgna einhverja brunatryggingu er gert ráð fyrir að það reiknist sem ákveðið hlutfall af váttryggingarfjárhæð ofangreindra brunatrygginga. Telja verður að eðlilegra sé að miða við váttryggingarfjárhæð brunatrygginga sem fylgir verðlagi á hverjum tíma.

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1988 er reiknað með að rekstur Brunamálastofnunar ríkisins kosti um 23 milljónir króna. Þessu til viðbótar er áætlað að 5 milljónir króna fari til að greiða niður skuld stofnunarinnar við ríkissjóð sem reiknað er með að nemi um 14 milljónum króna um næstu áramót. Til þess að mæta þessari fjárförf er í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, lagt til að gjaldið megi nema allt að 0,04 prómillum af váttryggingarfjárhæð fyrrgreindra brunatrygginga, en samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélögum nam heildarváttryggingarfjárhæð brunatrygginga á landinu öllu í ársbyrjun 1987 um 620 milljörðum króna. Um upphæð brunavarnagjaldsins má til frekari skýringa taka dæmi um fasteign sem metin er á 5 milljónir króna. Brunavarnagjald af slíkri fasteign næmi samkvæmt þessu allt að 200 krónum.

Svo sem fjárhagsstöðu Brunamálastofnunarinnar er nú háttað er líklegt að brunavarnagjald verði fyrst um sinn 0,04 prómill, en gert er ráð fyrir að það geti síðan lækkað ef fjárhagsstaða stofnunarinnar batnar.

Brunavarnagjald hefur ekki verið greitt af iðgjöldum viðlagatryggingar né heldur af brúttóiðgjöldum brunatrygginga af skipum og flugvélum. Lagt er til að sá háttur verði hafður á framvegis og það því sérstaklega tekið fram í frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði með reglugerð hvert skuli vera hlutfall brunavarnagjalds af váttryggingarupphæðum brunatrygginga fasteigna og lausafjár og setji jafnframt nánari reglur um innheimtu gjaldsins. Þarfnast hvorki það ákvæði né önnur ákvæði greinarinnar frekari skýringa.

Um 2. gr.

Þetta gildistökuákvæði er eðlilegt þar sem reikningsár Brunamálastofnunar ríkisins er almanaksárið. Þarfnast ákvæði þetta ekki nánari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er sett til að taka af allan vafa um að tryggingafélögum og öðrum þeim, sem annast tryggingar, beri að standa Brunamálastofnun ríkisins skil á brunavarnagjaldi af iðgjöldum brunatrygginga, sem fallin eru í gjalddaga fyrir gildistöku þessara laga, í samræmi við eldri lög. Þetta á jafnt við þau tryggingafélög sem eru með gjalddaga iðgjalda í byrjun árs sem og þau sem eru með gjalddaga síðar á árinu.

Fylgiskjal.

